



Markaðsstofa Suðurlands

Fundargerð

3. stjórnarfundur stjórnar Markaðsstofu Suðurlands var haldinn kl. 10:00 mánudaginn 4. september 2017 í Fjölheimum Selfossi.

Fundinn sátu:

Dagný H. Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands
Elfa Dögg Þórðardóttir, fulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands
Bjarni Freyr Báruson, fulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands
Björg Árnadóttir, fulltrúi Visit South Iceland ehf.
Sigurlaug Gissurardóttir, fulltrúi Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu
Bjarni Guðmundsson, fulltrúi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga
Ragnhildur Sveinbjarnardóttir, verkefnastjóri Markaðsstofu Suðurlands

Forföll boðuðu:

Gunnar Þorgeirsson, fulltrúi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga
Sólrún Helga Guðmundsdóttir, fulltrúi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ragnhildur Sveinbjarnardóttir.

Dagskrá:

- Verkefni síðastliðinna mánaða
- Verkefni framundan
- Önnur mál

Verkefni síðastliðna mánuði

Skrifstofa Markaðsstofunnar var lokuð vegna sumarleyfa starfsmanna frá 17. júlí -31. júlí.

MAS samstarf (Markaðsstofur landshlutanna)

- Fundur forstöðumanna var haldinn á Suðurlandi 18. júní og farin var stutt ferð seinnipartinn í Rangárvallasýsluna þar sem LAVA Centre, Midgard Base camp og Hótel Rangá voru heimsótt.
- Í lok ágúst var haldinn fundur með ráðgjafa sem hluti af stefnumótunarvinnu MAS og þar kom tillaga að MAS verði meira stjórnendavettvangur og svo verði myndaðir sérstakir hópar

um sameiginleg verkefni. Til dæmis hefur verið myndaður sérstakur vefhópur MAS. Undanfarin misseri hefur verið mikil áhersla á hagsmunagæslu í samstarfinu.

- Undirbúningur í gangi fyrir föst verkefni MAS, Mannamót og Haustráðstefnan sem er framundan og ber hún heitið „Hvort kemur á undan, fjárfestingin eða ferðamaðurinn?“.
- Fundur var haldinn með ferðaþjónustusviði Íslandsstofu og nokkrum starfsmönnum Ferðamálastofu þar sem stefnumótun MAS var kynnt og fékk hún góðar undirtektir.
- MAS barst erindi frá Ferðamálaráði þar sem óskað var eftir vel útfærðum tillögum að aðgerðum. Sendar voru nokkrar tillögur sameiginlega frá MAS.

Sýningar og kynningarmál

Gert var samkomulag við **Íslandstofu** um aðkomu að sýningum þannig að meiri áhersla verði lögð á landhlutana. Einnig er ný kynningarherferð í undirbúningi þar sem meiri áhersla verður einnig á landshlutana.

Verkefni með SASS

Áframhaldandi vinna í verkefnateymum (Dagný í ferða- og skipulagsteymi ásamt óformgerðu fjárfestingateymi, Ragnhildur í menningarteymi og Þorsteinn í atvinnu- og nýsköpunarteymi). Auk þess vinna starfsmenn MSS í öðrum verkefnum og sækja fundi. Meðal verkefna í sumar var tveggja daga vinnufundur ráðgjafa í júní en þar var unnið annan daginn með ráðgjafa um árangursríka teymisvinnu. Þá var áfram unnið að samræmingu korta á Suðurlandi og eru tvö kortanna komin úr prentun og í dreifingu. Verið er að vinna í hinum tveimur.

Stoðþjónusta upplýsingaveitu

Frá vori 2016 hefur verið unnið að endurskoðun á upplýsingaveitu til ferðamanna og í sumar ákvað Ferðamálastofa að breyta heitinu á kjarnaveitum í stoðþjónustu upplýsingaveitu. Það heiti telst vera meira lýsandi fyrir starfsemina. Yfir hásumarið fór ekki fram mikil vinna í þessu verkefni en bæði fyrir og eftir sumarleyfi var vinna við samantekt og áætlanagerð fyrir verkefnið fyrir árið 2018. Þeirri áætlun var skilað til Ferðamálastofu sem fór svo með hana til ráðuneytis.

Áfangastaðaáætlun DMP

Verkefnastjórar eru sjálfstæðir í sinni vinnu að verkefninu en þó er ákveðin umsýsla og utanumhald á hendi framkvæmdastjóra. Haldnir hafa verið ýmsir fundir í um verkefnið, m.a. í Vestmannaeyjum. Þá hafa framkvæmdastjóri og verkefnastjórar DMP tekið þátt í fundarröð með Kötlu Jarðvangi í tengslum við stefnumótunarvinnu þeirra. Þessi stefnumótunarvinna kemur til með að nýtast inn í áfangastaðaáætlun DMP.

Katla jarðvangur

Ásamt því að taka þátt í stefnumótunarvinnu fyrir svæðið þá var formlegt samkomulag gert í sumar um samstarf Kötlu jarðvangs og Markaðsstofu Suðurlands. Stjórn MSS lýsti yfir áhuga á að eiga samtál við forsvarsmenn jarðvangsins um snertifleti og möguleg sameiginleg verkefni.

Vefmál

Fundur með aðila frá **Siteimprove**, sem er fyrirtæki sem býður upp á kerfi sem heldur utan um og greinir efni heimasíða. Slíkt verkfæri getur sparað heilmikinn tíma við t.d. villuprófanir og greiningar. Leitað var eftir sameiginlegu tilboði í allar landshlutasíðurnar. Málið sent til umfjöllunar í vefhóp MAS áður lengra verður haldið.

Flutningar

MSS flutti skrifstofur sínar til innanhúss í Fjölheimum í júní í stofu sem ber heitið Vestrahorn. Allir starfsmenn markaðsstofunnar ásamt verkefnastjórum DMP eru þá komnir í eitt rými og er mikill munur á aðstöðu.

Innheimta aðildargjalda

Reikningar fyrir aðildargjöldum sendir út að venju í júlí og eru heimtur ágætar. Farið var yfir hversu margir hafa komið til liðs við markaðsstofuna og hversu margir valið að hætta í samstarfinu. Eins og undanfarin ár þá eru fleiri sem bætast í hópinn en hætta.

Landshlutabæklingur

Mikil vinna er á hverju ári við að safna efni fyrir landshlutabæklinginn. Í ár var farið í að breyta útliti á forsíðu í samstarfi við MAS og einnig á kaflaskiptingu þar sem miðað er við þrískiptinguna sem unnið var með í markaðsgreiningunni fyrir landshlutann. Ákveðið var að prenta skyldi minna upplag heldur en í fyrra þar sem t.d. talsvert var enn eftir af fyrra upplagi. Samhliða verður hannað spjald sem verður stillt upp með bæklingnum þar sem gestir eru hvattir til að hlaða bæklingnum beint niður í snjalltækið sitt.

Auglýst viðvera framkvæmdastjóra á vegum MSS og SASS

Framkvæmdastjóri bauð upp á fundi á Höfn í byrjun september þar sem aðilar MSS og aðrir gátu fengið ráðgjöf í markaðsmálum og ferðapjónustu. Ásamt því að bjóða upp á fundi voru nokkrir staðir heimsóttir og var framkvæmdastjóri og verkefnastjórar DMP viðstaddir opnun nýs áfanga Jöklastígsins (Mýrajökla). Fundir gengu vel og mæltist vel fyrir. Ósk hefur þegar borist um slíka viðveru á Kirkjubæjarklaustri og mun verða fundinn heppilegur tími í það.

Blaðamannafyrirspurnir

Í hverri viku berast fyrirspurnir frá blaðamönnum og ljósmyndurum. Reynt er að aðstoða þá eftir fremsta megni og fylgja svo umfjöllunum eftir.

Starfsmannafatnaður

Ákveðið var að kaupa merktan starfsmannafatnað fyrir alla starfsmenn sem notaður verður í ferðum og við fleiri tilefni.

[Verkefni framundan](#)

Vestnorden

Vestnorden verður þetta árið haldin í Grænlandi 18-21. september, þar sem MSS mun deila bás með

Ríki Vatnajökuls.

Haustráðstefna MAS

Ráðstefna Markaðsstofanna verður haldin 12. október um fjárfestingu í ferðaþjónustu. Yfirskriftin er „Hvort kemur á undan ferðamaðurinn eða fjárfestingin?“. Hún verður haldin á Grand Hótel Reykjavík, kl. 13-16.

Ný markaðsherferð Íslandsstofu

Í október kynni Íslandsstofa næstu markaðsherferð sína og er MSS að vinna með þeim í áherslum þessa árs. Í framhaldi verða haldnir fundir þar sem áherslur þessa árs verða kynntar ásamt niðurstöðum úr markhópagreiningu Íslandsstofu. Einnig kemur MSS að fjölmiðlaferð sem haldin verður vegna herferðarinnar.

Verkefni SASS

Áfram vinna í teymum sem og öðrum verkefnum. Ársþing SASS framundan, 19.-20. okt á Selfossi.

Endurnýjun samninga við sveitarfélög

Í haust er komið að endurnýjun samninga við sveitarfélögin. Erindi verða send á öll sveitarfélög á Suðurlandi.

Samstarfshópur um ferðamál

Næsti fundur samstarfshóps um ferðamál verður haldinn á Höfn í lok september. Farið verður um svæði þar sem aðilar í ferðaþjónustu verða heimsóttir ásamt því að funda um sameiginleg verkefni.

FAM ferðir

Verið er að skipuleggja tvær FAM ferðir, annars vegar með íslenska ferðasala á austursvæði og svo hins vegar með erlenda ferðasala á vestur- og miðsvæði með áherslu á fjölskylduafþreyingu.

Sýningar

Í haust verður farið yfir hvaða sýningar og vinnustofur erlendis eru í boði fyrir næsta ár og farið yfir hverjar henta best með tilliti til markhópa áfangastaðarins og áherslur. Þá verður einnig hafinn undirbúningur fyrir þátttöku.

Auglýst viðvera

Stefnt er á að auglýsa fljótlega viðveru á Kirkjubæjarklaustri og Vík fyrir hönd MSS og jafnvel SASS líkt og framkvæmdastjóri auglýsti í byrjun september á Höfn.

Stoðþjónusta upplýsingaveitu

Talsverð vinna er enn eftir í þessu verkefni til að klára skil á verkefnum þessa árs. Til dæmis þarf að klára fundi í öllum landshlutum, Reykjanes, Reykjavík og Vestfirðir eftir, og greina niðurstöður þeirra funda. Einnig er eftir ýmis skilgreiningarvinna og klára greiningu öryggispunkta.

Vefmál

Framundan er vinna með vefhóp MAS við að skoða m.a. breytingar á viðburðadagatali, forsiðu og fleiru. Einnig vinna hjá MSS að endurskoða efni á forsiðu og halda áfram með sveitarfélagasíður.

Önnur mál

Áfangastaðaáætlun DMP

Verkefnastjórnir Anna og Laufey koma inn á fundinn og kynna stöðu verkefnisins. Þær kynna hvað er verið að vinna að þessi misserin og að vinnuhóparnir á hverju svæði séu að koma saman á fyrstu fundi. Formaður stjórnar leggur til að stjórn sendi frá sér ályktun um mikilvægi þess að þessu verkefni verði tryggt áframhaldandi fjármagn.

Markaðsáætlun

Þorsteinn kemur inn á fund til að kynna markaðsáætlun markaðsstofunnar sem verið er að vinna í samræmi við markaðsgreiningu. Einnig fór hann yfir ýmsar hugmyndir um virðisaukandi þjónustu sem MSS getur boðið upp á.

Fjármögnun næsta árs

Enn er óvissa með fjármögnun næsta árs, bæði vegna almenns rekstrar og verkefna. Erindi MAS til ráðuneytis ekki enn verið svarað. Umræða um hvaða lausnir séu í stöðunni ef neikvætt svar berst við erindinu.

Kynning MAS

Dagný fer yfir kynningu á starfsemi markaðsstofanna sem MAS sendi til ráðuneytis, Dagný sendir kynningu á stjórn.

Nefndir SASS

Bjarni kynnir að það séu samgöngunefnd og orkunýtingarnefnd að störfum hjá SASS og hvað væri til umræðu hjá þeim þessi misserin. Einnig upplýsti hann að í vinnslu væri sameiginleg lögreglusamþykkt fyrir Suðurland.

Innri mál

Ýmis mál rædd um álag starfsmanna, útvistun verkefna, umboð framkvæmdastjóra og starfsramma stjórnar.

Fundi slitið kl.13:30